



Siðfræðistofnun

Umsögn um frumvarp til laga um almenn hegningarlög (bann við umskurði drengja), 114. mál.

Siðfræðistofnun þakkar tækifæri til að koma með athugasemdir við frumvarpið.

Hér er um að ræða viðkvæmt siðferðilegt álitamál sem hefur margar hliðar. Það er mat Siðfræðistofnunar að þegar um slík mál ræðir væri gagnlegra að Alþingi beitti sér fyrir upplýstri umræðu þar sem fram kæmu helstu röksemdir og staðreyndir um málið fremur en að byrja ferlið með frumvarpi um breytingar á hegningarlögum. Einnig má velta því fyrir sér hvað knýr á um það að Íslendingar verði fyrstir þjóða til banna umskurð drengja því slíkar aðgerðir eru afar fátíðar hérlendis.

Sterk rök mæla gegn umskurði stúlkna og því skiljanlegt að sá verknaður sé bannaður með lögum. Aftur á móti er umdeilt hvort umskurður drengja sé skaðlegur og vísindaleg rök hafa verið færð fyrir gagnsemi aðgerðarinnar, svo sem til að draga úr þvagfærasýkingum. Stór hluti Bandaríkjamanna hefur til dæmis tekið þessa ákvörðun fyrir syni sína að vel ígrunduðu máli af því að þeir álíta það betra fyrir viðkomandi einstakling og samfélagið. Þótt dæmi séu um misheppnaðar aðgerðir, þá eru þær langoftast framkvæmdar án vandkvæða.

Í þessu máli er mikilvægt að taka tillit til þess að umskurður barna er samofinn trúarsíðum í Gyðingdómi og Íslam og með því að samþykkja þetta frumvarp væru send þau skilaboð til þeirra sem aðhyllast þessi trúarbrögð að þeir séu ekki velkomnir hérlendis. Þar eð skaðsemi aðgerðarinnar er ekki ótvíræð þá eru ekki sterk rök fyrir því að löggjafinn komi í veg fyrir að börn alist upp við trúarlegar hefðir foreldra sinna. Einnig er sú hætta að ef verknaðurinn verði bannaður þá aukist líkurnar á því að hann verði framkvæmdur utan sjúkrahúsa. Í stað þess að banna umskurð drengja með lögum ætti meginmarkmiðið að vera að leitast við að tryggja að verknaðurinn sé framkvæmdur við aðstæður þar sem öryggi þeirra er tryggt. Fyrirmyndir að slíku regluverki má finna í nágrannalöndum okkar, t.d. í Svíþjóð.

Fyrir hönd Siðfræðistofnunar,

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Árnason
(sign)